

Kjarnafæði Norðlenska hf.

Akureyri

7.10.2022

## Atvinnuveganefnd Alþingis


Efni: Þingmál 7. Tillaga til þingsályktunar um stóreflingu innlendrar matvælaframleiðslu og öruggt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi landbúnaðar.

Tillaga þessi til þingsályktunar hefur að geyma margt sem bætt gæti starfsskilyrði innlendrar matvælaframleiðslu. Kjarnafæði Norðlenska hefur ekki athugasemdir við tillöguna en vill vekja sérstaka áthygli á þremur liðum:

Í 7. lið er nefndur tollasamningur við Evrópusambandið og uppsögn hans í ljósi breyttra aðstæðna m.a. í kjölfar BREXIT. Mikilvægt er að stjórnvöld hugi að þessum lið í fullri alvöru þar sem hlutföll innflutnings og útflutnings landbúnaðarvara til ESB hafa breyst mjög mikið við útgöngu Breta. Færa má fyrir því sterk rök að forsendur samningsins séu brostnar. Auk þess inniheldur samningurinn frá 2015 umtalsverðar heimildir til útflutnings lambakjöts sem eru langt umfram það sem greinin hefur þörf á eða getur nýtt. Samdráttur hefur verið í framleiðslu sauðfjárafurða undanfarin ár og þeir hagsmunir sem hafðir voru að leiðarljósi við gerð þessa samnings eiga ekki við lengur. Samhliða þessari endurskoðun er mikilvægt að tollskráin í heild sé skoðuð enda hafa upphæðir í henni ekki fylgt verðlagi og tollar því tapað gildi sínu.

Í 13. lið er vikið að flutningsjöfnun. Jöfnun á flutningskostnaði aðfanga og afurða, bæði bænda og afurðastöðva, er til þess fallin að jafna tækifæri framleiðenda til að stunda starfsemi sína óháð staðsetningu viðkomandi á landinu. Landbúnaður er eðli málsins samkvæmt dreifður um landið og mikilvægt, m.a. með hliðsjón af sjálfbærri landnýtingu og fjölbreyttum atvinnuháttum, að matvælaframleiðendur sitji við sama borð óháð staðsetningu sinni með tilliti til næstu afurðastöðvar, birgja eða stærstu markaða innanlands. Í dag er staðan sú að framleiðendur á ákveðnum landssvæðum sitja uppi með hærri rekstrarkostnað vegna flutninga en samkeppnisaðilar þeirra annarsstaðar. Þessum áhrifum væri afar æskilegt að eyða.

Í 17. lið er lagt til að úrvinnslufyrirtækjum verði gert kleift að hagræða með samvinnu og samruna. Hér er um stórmál að ræða sem ítrekað hefur verið reifað við yfirvöld af hálfu hagsmunasamtaka bæði bænda og afurðafyrirtækja. Það er afar mikilvægt að greininni verði gert kleift að hagræða með þessum hætti. Nú síðast kom það fram í til lögum Sprethóps að æskilegt væri að skoða starfsumhverfi afurðafyrirtækja og hvernig mætti haga því svo að frekari hagræðing væri möguleg. Mikilvægt er fyrir bændur og neytendur að löggjafinn horfi til þess að heimila aukna hagræðingu í greininni.



Ágúst Torfi Hauksson, forstjóri Kjarnafæðis Norðlenska hf.